



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
forseta Tékklands
Václav Klaus og frú Livia Klausová
Prag
17. maí 2012**

Virðulegi forseti Václav Klaus
Frú Livia Klausová
Heiðruðu gestir

Við Íslendingar þökkum þann vinarhug sem okkur er sýndur hér í kvöld og fögnum því að geta í heimsókninni treyst enn frekar samvinnu þjóðanna á fjölmörgum sviðum.

Í nær aldarfjórðung hafið þér, virðulegi forseti, sýnt málefnum Íslands áhuga og skilning, allt frá því þér sóttuð okkur fyrst heim með öðrum forystumönnum frjálsra Técka og við kynntumst eldmóði yðar, hugrekki og skarpri sýn á orlagamál hverrar tíðar.

Á stormasömu kvöldi við gömlu höfnina í Reykjavík hnýttum við bönd vináttunnar, báðir þá fjármálaráðherrar á ögrandi tímum; nú um skeið forsetar þjóða okkar.

Það var því sérstakt ánægjuefni að fagna yður og frú Livia fyrir sjö árum í fyrstu opinberu heimsókn forseta Tékklands til Íslands og ég met mikils hve ríkan vilja þér hafið sýnt til að heiðra Ísland með boðinu til okkar Dorritar og þeirrar sendinefndar sem okkur fylgir.

Forsetar Tékklands, bæði þér og Václav Havel, hafið notið einstæðrar virðingar með Íslendingum og þjóðin tók einlægan þátt í sorginni þegar Havel var á liðnum vetri borinn til grafar.

Það hefur verið lán Tékka að eignast í kjölfar lýðræðisbyltingarinnar öflugra leiðtoga sem gert hafa sig gildandi á umræðuvettvangi Evrópu og heimsins alls.

Ávallt er hlustað af athygli á hina tékknesku rödd, á rökin, málflutning með djúpar rætur í evrópskri menningu og með sterkt svipmót nýrra strauma.

Á umbrotatímum í málefnum Evrópu, þegar stefnan er í senn óviss og umdeild, kreppan í fjármálum og atvinnulífi bitnar á milljónum manna, er mikilvægt að hlýða á leiðtoga sem hafa þegar á þurfti að halda verið tilbúnir að feta aðrar slóðir en tíðarandi taldi réttar.

Í heimsókn okkar Íslendinga metum við mikils að fá einmitt á slíkum tímum tækifæri til samræðna við yður, virðulegi forseti, og aðra tékkneska ráðamenn, safna reynslu ykkar og ráðum í okkar sarp.

Vissulega færði hrun bankanna og hin alþjóðlega fjármálakreppa þjóð minni gífurlegan vanda og glíma síðustu ára hefur verið meðal hinna erfiðustu sem lýðveldið hefur kynnst. Samt getur þjóðin glaðst yfir því að röskum þremur árum síðar er endurreisn efnahagslífsins komin lengra á leið en nokkur gat vonað á hinum skelfilegu mánuðum fyrst eftir hrunið þegar mótmæli og óeirðir á götum Reykjavíkur voru nánast daglegt brauð.

Meðan mörg lönd Evrópu glíma enn við djúpstæðan vanda eru hagvöxtur og atvinnuþátttaka á Íslandi með betri brag; margar atvinnugreinar og fjölmörg fyrirtæki skila jákvæðum árangri.

Þess vegna halda nú margir landar mínir á ný til annarra landa til hvíldar og fræðslu, til að njóta menningar og lista, ganga á vit sögunnar sem gamlar borgir geyma.

Heimsókn okkar er vitnisburður um þessa þróun því annað helsta flugfélag Íslands mun senn hefja reglubundnar ferðir milli landa okkar. Fjöldi Íslendinga kom með í þessa jómfrúarferð og nýtur þessa dagana fegurðar ykkar söguríku höfuðborgar.

Í heimsókninni heiðrum við líka áhrif Tékka á þróun íslenskrar kvikmyndagerðar, allt frá fyrstu upphafsárum þegar menntun og þjálfun í tékkneskum skólum mótuðu för. Íslenskir listamenn hafa líka sótt innblástur í lærdómsríka dvöl í Tékklandi; iðulega í boði okkar góða ræðismanns sem hér hefur um árabíl þjónað með konu sinni heitinni af örlæti og trúmennsku.

Við vonumst og til að geta stutt þekkingu og gagnkvæm tengsl á sviði tungumála með liðsinni við ritun nýrrar tékknesk-íslenskrar

orðabókar; byggja menningarbrú og leggja grundvöll að því að bókmenntir þjóðanna verði sameign beggja.

Samvinna okkar hvílir líka á fleiri stöðum sem margar hafa dugað vel í áratugi. Þúsundir íslenskra heimila hafa notið tékkneskrar hönnunar og framleiðslu og mörg íslensk fyrirtæki eiga hér góða viðskiptavini enda hafa fulltrúar íslenskrar ferðapjónustu og atvinnulífs undir forystu Íslandsstofu nýtt sér heimsóknina til að leggja grunn að enn öflugri tengslum.

Aðild Íslands og Tékklands að NATO og öðrum samtökum í Evrópu og á alþjóðavettvangi hefur eflt samræður okkar um viðfangsefni líðandi stundar – og svo hefur einnig verið fyrir í dag, umræðuefnin í senn margbrotin og aðkallandi.

Við upphaf nýrrar aldar hvílir vinátta Tékkna og Íslendinga á traustum grunni og þar hafið þér, virðulegi forseti, átt ríkulega hlutdeild. Fyrir það þökkum við af alhug hér í kvöld. Fámenn þjóð norður í Atlantshafi metur mikils að eiga góða vini á meginlandi Evrópu.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Tékklands Václav Klaus og frú Livia Klausová og til heilla áframhaldandi vináttu þjóða okkar.